

Re: Beiðni um umsögn-frárennislögn-Arctic Smolt

Búið til	17.2.2022 14:44:10
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	17.2.2022 14:44:08
Tilheyrir	202202-0005 - Beiðni um umsögn-frárennislögn-Arctic Smolt í Norður Botni Tálknafirði

Efni

Re: Beiðni um umsögn-frárennislögn-Arctic Smolt

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	17.2.2022 14:44:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	katrin.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Sæl,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar:

Tilvísun í mál nr. 202202-0005 (SS, SBR).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 1. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaða lagningu frárennislagnar frá eldisstöð Arctic Smolt í Norður Botni Tálknafirði. Sérstaklega er óskað eftir mati stofnunarinnar um áhrif á sandmaðksleirur í fjarðarbotninum með tilvísun í 9. grein laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Fagnaðarefni er að reisa eigi RAS-stöð þar sem vatnsnýting batnar til muna. Frárennslí mun liggja líkt og núverandi lögn í gegnum sandmaðksleirur sem njóta sérstakrar verndar skv. 63. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013, eru á lista Bernar samningsins um vistgerðir sem ber að vernda og er forgangsvistgerð við val Náttúrufræðistofnunar á B-hluta Náttúruminjaskrár. Verndargildi leiranna er því mjög hátt og tryggja skal að framkvæmd og rekstur frárennislagnarinnar valdi ekki afturkræfri röskun á leirunum og ögni lífríki þeirra.

Mikilvægt er að ekki sé eingöngu horft á meðalstórstreymisfjörumörk heldur skiptir máli hver stærð leirusvæða á svæðinu eru. Leirur eru viðkvæmar fyrir uppsöfnun næringarefna og því mikilvægt að góð vöktun fari fram á staðnum til að meta hver áhrif stækkunar fiskeldis eru á nálægt lífríki. Ef ekki liggja fyrir straummælingar við fyrirhugaða útrás er erfitt að leggja mat á uppsöfnun næringarefna og þar með áhrif á botndýralíf. Einnig vantar upplýsingar um núverandi botndýralíf sem er grundvöllur fyrir því að hægt sé að leggja mat á áhrif framkvæmda og nauðsynlegt að bæta úr.

Samfella búsvæða er mikilvæg því dýralífi sem þrífst í fjörum og því þurfa framkvæmdir að taka mið af því að ekki sé verið að hindra eðlilegt far þeirra um búsvæðið til lengri tíma. Huga þarf að þessu þegar frárennislögn er komið fyrir og við frágang.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "K. Sóley Bjarnadóttir" <katrin.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurðsson@ni.is>
Subject: Beiðni um umsögn-frárennislögn-Arctic Smolt
Date: 1.2.2022 11:56:07

Sæl

Umhverfisstofnun hefur borist meðfylgjandi erindi Arctic Smolt, dags. 25.1.2022 sl., þar sem óskað er eftir samþykki stofnunarinnar vegna fyrirhugaðrar lagningar frárennislagnar frá eldisstöð Arctic Smolt í Norður Botni Tálknafirði.

Framkvæmdin fellur ekki undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfissáhrifum þar sem lagnirnar eru undir 10 km að lengd, sbr. lið 10.21 í 1.viðauka laganna. Ákvörðun Skipulagsstofnunar frá dags. 9. desember 2016 um stækkun á seiðastöð Arctic Smolt sl. fylgir beiðninni.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands um framangreint erindi Arctic Smolt í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, m.t.t. sandmaðksleira í fjarðarbotninum.

Bestu kveðjur, Best regards

K. Sóley Bjarnadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið umhverfissgæða / Department for Environmental Quality
Teymi hafs og vatns / Team for Ocean and Water



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)